

# Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2024, þriðjudaginn 17. desember kl. 10:05 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1188. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin.  
Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Edda Þórsdóttir, Margrét Pálína Cassaro og Sigrún Reynisdóttir.  
Fundaritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

## Þetta gerðist:

### 1. Austurbakki 2 - USK24090306

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innrétta fjölnotasal fyrir 50 gesti í rými xx í K2, kjallara Hörpu á lóð nr. 2 við Austurbakka.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Lagfæra skráningu.

### 2. Álfabakki 2E - USK24100275

Sótt er um leyfi fyrir dreifistöð raforku á lóð nr. 2E við Álfabakka.  
Erindi fylgir Mæliblað 4.910.0 dags. 12. 3.2024 Hæðarblað 4.910.0 dags. 8. 7.2023.  
Stærð: 7,5 ferm., 20,3 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

### 3. Ármúli 13 - USK24100058

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059075 þannig að er sótt um að uppfæra brunavarnir vegna lokaúttektar í húsi á lóð nr.12 við Ármúla.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 1. febrúar 2022 og greinargerð brunahönnuðar dags. 5. desember 2024.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

### 4. Ármúli 36 - USK24120064

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem snúa að því að innrétta nuddstofu í rými 0201 í húsi á lóð nr. 36 við Ármúla.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## 5. Barmahlíð 28 - USK24100117

Sótt er um heimild til þess að byggja svalir í íbúð 0301 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 28 við Barmahlíð. Erindi fylgir samþykki eiganda dags. 22. febrúar 2024.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## 6. Barónsstígur 11A - USK24120109

Sótt er um leyfi til að breyta veitingahúsi í atvinnu- og íbúðarhúsnæði með tveimur íbúðum, einnig er sótt um að hækka hús nr. 11B um tvær hæðir, úr tveimur hæðum í þrjár hæðir og ris, sameina mhl. 01 (hús nr. 11A) og mhl. 02 (hús nr. 11B) og skrá húsnæðið sem Barónsstíg 11A á lóð nr. 11A við Barónsstíg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## 7. Barónsstígur 47 - USK24100359

Sótt er um leyfi til þess að innrétta gististað í fl. x, teg. x í hluta 2. hæðar atvinnuhúss á lóð nr. 47 við Barónsstíg.

Erindi fylgir mæliblað 1.193.1.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## 8. Bjarmaland 13 - USK24050290

Sótt er um leyfi til að byggja steypa stoðveggi í stað timburgrindverks, setja steypa vegg í kjallara og setja útidyrhurð í kjallara, einnig er sótt um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að gerðir hafa verið gluggar á kjallara og stigi milli hæða í einbýlishúsi á lóð nr. 13 við Bjarmaland. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. desember sl., fylgir erindi.

Frestað. Með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. desember 2024.

## 9. Bolholt 4 - USK24120056

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innrétta tannlækna- og tannsmíðastofu á 3. hæð í atvinnuhúsi á lóð nr. 4 við Bolholt.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## 10. Brautarholt 1 - USK24120062

Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu við suðvesturhlíð og til að breyta innra skipulagi í golfskála á lóðinni Brautarholt I með landnúmer 125660.

Erindi fylgir greinargerð hönnunarstjóra dags. 6. desember 2024 og greinargerð um brunavarnir dags. 2. desember 2024.

Stækkun: 144 ferm.

Eftir stækkun: 290,8 ferm., 932,3 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### 11. Breiðhöfði 15 - USK23090058

Sótt er um leyfi til að byggja 3-7 hæða fjölbýlishús og bílakjallara með 111 íbúðum á lóð nr. 15 við Breiðhöfða.

Með erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. desember 2023 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. október 2023

Stærð: 14.838,6 ferm., 48.797,7 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### 12. Bústaðavegur 9 - USK24100245

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun á skrifstofuhúsnæði í skólahúsnæði í húsi á lóð nr. 9 við Bústaðaveg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### 13. Einimelur 12 - USK23040091

Sótt er um leyfi til að reisa einnar hæðar viðbyggingu á baklóð til norð-austurs ásamt samþykki fyrir áður gerðum breytingum sem felast m.a. í breyttu innra skipulagi, nýju svalahandriði og heitum potti. Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. mars 2023.

Erindið var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Einimel 10 og 14, frá 3. október 2024 til og með 31. október 2024.

Engar athugasemdir bárust.

Stækkun: 49,6 ferm.

Eftir stækkun: 339 ferm., 895,2 rúmm.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

### 14. Engihlíð 6 - USK24020089

Sótt er um leyfi til að sameina lóðir, byggja viðbyggingu fyrir lyftu, rífa stromp, einangra húsið að utan og klæða með múrkerfi, gera hurðargat í burðarvegg, setja rampa auk ýmissa innanhússbreytinga í húsi á lóð nr. 6 við Engihlíð.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 7. febrúar 2024, mat á burðarhæfni dags. 5. febrúar 2024 og yfirlit breytinga og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. mars 2024 sem og umsögn skipulagsfulltrúa við fyrirspurn dags. 19. september 2024 og Mæliblað með sameiningu lóða nóvember 2024.

Stækkun 30,1 ferm. og 99,8 rúmm

Frestað. Vísað til athugasemda.

### 15. Engihlíð 9 - USK24120063

Sótt er um leyfi til að hækka þak, gera svalir á suðurhlíð og byggja kvisti á allar hliðar, gera þaksvalir fyrir 2. hæð ofaná viðbyggingu 1. hæðar, grafa frá kjallara á suðurhlíð og gera verönd framan við þvottahús í kjallara fjölbýlishúss á lóð nr. 9 við Engihlíð.

Stækkun 38 ferm.

Eftir stækkun, A+B rými: 441,4 ferm., 1.061,2 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### 16. Flúðasel 61-77 - BN061561

Sótt er um leyfi til þess að grafa frá og gera glugga að framanverðu, steypa stoðvegg auk plötu neðan við nýja glugga í fjölbýlishúsi nr. 61 á lóð nr. 61-77 við Flúðasel.

Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 1. júlí 2022 og samþykkt í formi afrits fundargerðar húsfélags dags. 24. janúar 2022.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

### 17. Fríkirkjuvegur 9 - USK24110078

Sótt er um leyfi til þess að bæta frágang á loftum í kjallara með tilliti til hljóðvistar og eldvarna og breyta innra skipulagi þannig að bókasafn og lesstofur eru innréttaðar í kjallara og fyrrum bókasafni er breytt í kennslustofur í húsi Kvennaskólans á lóð nr. 9 við Fríkirkjuveg.

Erindi fylgir greinargerð frá hönnuði dags. 7. nóvember 2024 og minnisblað hljóðstofu Myrru um hljóðvist dags. 21. júní 2024 og yfirlit breytinga á afriti af aðaluppdrætti samþykktum 5. júlí 2011.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

### 18. Fálkagata 2 - USK24050293

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi þannig að eldhús er fært inn í stofu, og í staðinn gert herbergi og snyrting auk þess sem bætt er við glugga, björgunaropi, frá eldhúsi út á þak á austurhlíð íbúðar 0201 í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 2 við Fálkagötu.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 4. desember 2024 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 30. júní 1989.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### 19. Grettisgata 20A - USK24060182

Sótt er um leyfi til þess að rífa bakhús, skráð sem gripahús, mhl.02, vegna fyrirhugaðrar nýbyggingar á lóð nr. 20A við Grettisgötu.

Erindi afgreiðist samhliða erindi USK24050253.

Niðurrif mhl.02: 41.5 ferm., 262.0 rúmm.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 15. júní 2024.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

## 20. Grettisgata 20A - USK24050253

Sótt er um leyfi til að fjölga eignum, gera nýja íbúð í risi íbúðarhúss, mhl. 01, dýpka kjallara, rífa núverandi stigahús og byggja viðbyggingu á tveimur hæðum auk kjallara, og svala til suðurs auk þess að byggja tveggja hæða nýbyggingu auk kjallara, mhl. 02, með tveimur íbúðum á suðurhluta lóðar nr. 20A við Grettisgötu

Afgreiðist samhliða erindi USK24060182, umsókn um niðurrif mhl.02 og USK25060130, sem fjallar um samskonar framkvæmir fyrir aðliggjandi hús á lóð nr. 20B við Grettisgötu.

Stækkun Mhl. 01: 116.3 ferm., 476.1 rúmm.

Stærð Mhl. 02: 148.8 ferm., 497.4 rúmm.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar vegna íbúðar í kjallara dags. 20. nóvember 2024, greinargerð hönnuðar um frávik frá algildri hönnun varðandi íbúð 0001 dags. 23. október 2024, greinargerð frá hönnuði dags. 21. ágúst 2024, ódagsett greinargerð Tensio verkfræðistofu um burðarþolshönnun, umsagnir Minjastofnunar varðandi mhl.01 dags. 8. febrúar 2023 og mhl.02 dags. 15. júní 2023 og 22. október 2023, afrit af tillögu að deiliskipulagsbreytingu á teikningu 1125-00-01a dags. 16. febrúar 2024, hæðablað dags. september 2014 yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 13. maí 1976, og yfirlit breytinga á aðaluppdrætti, sem fallin er úr gildi, samþykktum 24. janúar 2017.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

## 21. Grettisgata 20B - USK24060181

Sótt er um leyfi til þess að fjölga eignum, þannig að í húsinu verði fjórar íbúðir, rífa núverandi stigahús og byggja viðbyggingu á tveimur hæðum auk kjallara og svala til suðurs á íbúðarhúsi á lóð nr. 20B við Grettisgötu.

Afgreiðist samhliða erindi USK25050253, sem fjallar um samskonar framkvæmir fyrir aðliggjandi hús á lóð nr. 20A við Grettisgötu.

Stækkun: 131,2 ferm., 489,8 rúmm.

Erindi fylgir greinargerð frá hönnuði dags. 21. ágúst 2024, umsagnir Minjastofnunar varðandi mhl.01 dags. 8. febrúar 2023 og mhl.02 dags. 15. júní 2023 og 22. október 2023, afrit af tillögu að deiliskipulagsbreytingu á teikningu 1125-00-01a dags. 16. febrúar 2024, hæðablað dags. september 2014, yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 11. júlí 2000 og yfirlit breytinga á aðaluppdrætti, sem fallin er úr gildi, samþykktum 24. janúar 2017.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggir að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu þar sem um er að ræða breytta skráningu á fjöleignarhúsi. Fyrir útgáfu byggingarleyfis þarf að berast staðfesting frá eignaskiptayfirlýsanda á tölvupóstfang eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is um að vinna á nýrri eignaskiptayfirlýsingu er hafin. Eignaskiptayfirlýsingu þarf að þinglýsa fyrir lokaúttekt.

## 22. Grettisgata 79 - USK24120126

Sótt er um leyfi til að byggja kvisti á ris húss á lóð nr. 79 við Grettisgötu.

Stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Eftir stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## 23. Grettisgata 87 - USK24080164

Sótt er um leyfi til að endurbyggja stálgrindarhús klætt steinullareiningum eftir bruna á kjallara sem fyrir er og innréttu rétttingaverkstæði og heildverslun á lóð nr. 87 við Grettisgötu.

Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. júní 2019.

Stærð: 1.700,7 ferm., 6.800,2 rúmm.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **24. Grænahlíð 20 - USK24100341**

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í því að inntaksrými hefur verið fært inn í rými 0005 og innra skipulagi íbúðar 0002 breytt í íbúðarhúsi á lóð nr. 20 við Grænuhlíð. Erindi fylgir samþykki meðeigenda á teikningu nr.101 dags. 13. nóvember 2024 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar dags. 26. júlí 1979.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **25. Haðaland 26 - USK24100262**

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN0599216 með því að færa anddyri á austurhlið Meginlands og gera þar nýja glugga á neðstu hæð sömu hliðar ásamt minni háttar breytingum á innra skipulagi Fossvogsskóla á lóð nr. 26 við Haðaland.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

#### **26. Hlaðbær 17 - USK24030335**

Sótt er um leyfi til að síkka glugga í kennslustofum og gera dyr þar sem fyrir eru gluggar, gera skábraut við vestari inngang á norðurhlið, einangra og klæða eldri hluta húss með sléttum álplötum, breyta lagnakerfum, styrkja burðarvirki og uppfæra eldvarnir í húsi á lóð nr. 17 við Hlaðbæ.

Frestað. Lagfæra skráningu.

#### **27. Hofsvallagata 54 - USK24110138**

Sótt er um leyfi til að setja saunaklefa og gera innanhússbreytingar á fyrstu hæð auk þess er sótt um leyfi fyrir áður gerðri framkvæmd sem snýr að hurð úr alrými afgreiðslu út á laugarsvæði í Vesturbæjarlaug á lóð nr. 54 við Hofsvallagötu.

Erindinu fylgir greinargerð hönnunarstjóra.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

#### **28. Hraunberg 4 - USK24100195**

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi í atvinnurými og breyta útliti á atvinnuhúsi á lóð nr. 4 við Hraunberg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 9. nóvember 2021.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **29. Hvammsgerði 13 - USK24110245**

Sótt er um leyfi til að byggja hæð úr timbri ofaná, breyta innra skipulagi, fjarlægja gler úr sólstofu og klæða að utan með liggjandi báruáli einbýlishús á lóð nr. 13 við Hvammsgerði. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. desember sl., fylgir erindi.

Stækkun: 77,4 ferm., xx rúmm.

Eftir stækkun: 190,9 ferm., 584,4 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

### **30. Hverafold 1-3 - USK24120098**

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi húsi á lóð nr. 1-3 við Hverafold.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **31. Kleifarsel 28 - USK24120065**

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í Seljaskóla á lóð nr. 28 við Kleifarsel.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **32. Klettagarðar 12 - USK24090354**

Sótt er um leyfi til að byggja milliloft í atvinnuhúnæði á lóð nr.12 við Klettagarða.

Erindi fylgir bréf frá skipulagsfulltrúa dags. 24. september 2024.

Stærð: 498,6 ferm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **33. Korngarðar 13 - USK24110166**

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK2307013 v/lokaúttektar þannig að byggingarlýsing er uppfærð vegna olíuskilju og tæknirými stækkað á kostnað geymslurýmis í lagerhúsi á lóð nr. 13 við Korngarða.

Jafnfram er erindi USK23040133 dregið tilbaka.

Erindi fylgir ódagsett bréf frá hönnuði og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 21. febrúar 2023.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

### **34. Kringlan 4-12 - USK24100194**

Sótt er um leyfi til að endurinnrétta og breyta innra skipulagi og stækka millipalla í rýmum 112, 116 og 120 á 1. hæð í Kringlunni á lóð nr. 4-12 við Kringluna.

Stækkun milligólfa: 15 ferm., 2\*7,5 ferm.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.



### 35. Kringlan 8-12 - USK23110173

Sótt er um leyfi til þess að fækka notkunareiningum með því að sameina rými 0242 og 0244, fjarlægja vegg millivegg og breyta innra skipulagi verslunar í rými 0242 í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 8-12 við Kringluna.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

### 36. Langagerði 24 - USK24110190

Sótt er um leyfi til að byggja steinsteyptan bílskúr við einbýlishús á lóð nr. 24 við Langagerði. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. desember 2024 fylgir erindi.

Stærð: 31,5 ferm., 99,2 rúmm.

Frestað. Með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. desember 2024 og til athugasemda.

### 37. Laugarásvegur 77 - Niðurrif - USK24030239

Sótt er um leyfi til að rífa leikskóla, mhl. 01 á lóð nr. 77 við Laugarásveg.

Erindi fylgir áætlun um meðhöndlun á byggingar- og niðurrifsúrgangi dags. 18. mars 2024, ástandsmat frá VSÓ ráðgjöf dags. 11. mars 2024 og húsakönnun frá Borgarsögusafni dags. 6. júní 2023. Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

Niðurrif, mhl. 01, merkt 0101, leikskóli 240,1 ferm.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlitsins.

### 38. Laugavegur 139 - USK23040234

Sótt er um leyfi til þess að fjölga eignum úr einni í fimm íbúðir og setja tvennar svalir, fyrir íbúð 0201, á norðurhlið íbúðarhúss á lóð nr. 139 við Laugarveg.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 11. desember 2024 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttá samþykktum 29. október 2002.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### 39. Laugavegur 139 - USK24120113

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingu sem meðal annars fela í sér að gerðar hafa verið svalir á norðurhlið 2. hæðar, tröppur gerðar á bakhlið og innréttuðar 5 íbúðir í íbúðarhúsi á lóð nr. 139 við Laugarveg.

Breytingar eru byggðar á aðalteikningum samþykktum með erindi BN044004 þann 17. apríl 2012 sem fallið er úr gildi þar sem ekki var gefið út byggingarleyfi.

Erindi afgreiðist samhliða erindi USK23040234.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 11. desember 2024 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttá samþykktum 29. október 2002.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### 40. Laugavegur 86-94 - USK24110326

Sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað í flokki II, teg. kaffihús og nuddstofu í rými 0104 á lóð nr. 86-94 við Laugaveg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### 41. Lautarvegur 8 - USK24110167

Sótt er um leyfi til að taka í notkun kjallararými undir bílskúrum þrífýlishúss á lóð nr. 8 við Lautarveg. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. nóvember 2024 fylgir erindi.  
Stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Synjað. Samræmist ekki deiliskipulagi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 25. nóvember 2024.

#### 42. Nauthólsvegur 79 - USK24120111

Sótt er um leyfi til þess að byggja fjölbýlishús, mhl.01, 3-5 hæðir auk kjallara með 47 íbúðum og verslun og þjónustu á jarðhæð, og mhl.02 og 03, fjölbýlishús á tveimur hæðum með 8 íbúðum hvort á lóð nr. 79 við Nauthólsveg.

Stærð mhl.01: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Stærð mhl.02: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Stærð mhl.03: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Nýtingarhlutfall:

Erindi fylgir mæliblað 1.754.2 dags. 16. júní 2024 og hæðablað dags. 28. maí 2024.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### 43. Njörvasund 30 - USK24090258

Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu á einbýlishúsi á lóð nr. 30 við Njörvasund. Erindið var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Njörvasundi 32 og Dreka Vog 12, 14 og 16, frá 6. nóvember 2024 til og með 4. desember 2024. Engar athugasemdir bárust.

Erindi fylgir mæliblað 1.414.1 dags. mars 1952

Stækkun: 40,7 ferm., 130 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### 44. Norðurbrún 22 - USK24060038

Sótt er um leyfi til þess að byggja einangraðan sólskála ofan á þaksvalir á suðurhlíð 2. hæðar í parhúsi nr. 22, mhl.02, á lóð nr. 20-22 við Norðurbrún.

Stækkun: 18.3 ferm., 58.4 rúmm.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda áritað á teikningu teiknistofunnar AVH nr. A104 dags. 31. janúar 2024 og útreikningur kólnunartalna dags. 24. júní 2024 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 9. september 1965. Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

#### 45. Ofanleiti 2 - USK24120078

Sótt er um leyfi til þess að setja upp 6,6mx6,4m stafrænt þjónustuskilti á vesturgafli skrifstofuhúsnæðis á lóð nr. 2 við Ofanleiti.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

#### 46. Rafstöðvarvegur 25 - USK24100227

Sótt er um leyfi til þess að reisa steinsteypt hús, mhl.02 , og innrétta þurrugufu og sturtuaðstöðu í tengslum við heitan pott og útiverönd á suðurhluta einbýlishúsalóðar nr. 25 við Rafstöðvarveg.

Stærð: 22.5 ferm., 67.5 rúmm.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 27. nóvember 2024.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

#### 47. Seljavegur 2 - USK24100084

Sótt um leyfi til að aðskilja rekstur veitingastaðar í flokki II, teg. veitingahús og kaffihúss í flokki I, teg. e í rými 0102 ásamt því að gerð er hurð úr vörumóttöku inn í sparrými í hóteli á lóð nr. 2 við Seljaveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga. og bréf til byggingarfulltrúa dags. 5. desember 2024.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

#### 48. Sigtún 39 - USK24090090

Sótt er um leyfi til að hækka þak og innrétta íbúðarrými í risi ásamt því að gera hurð út í garð á suðurhlið kjallara fjölbýlishúss á lóð nr. 39 við Sigtún.

Erindi fylgir samþykki meðeiganda dags. 27. júlí 2024.

Stækkun: 74,8 ferm., 89,7 rúmm.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu þar sem um er að ræða breytta skráningu á fjöleignarhúsi.

Fyrir útgáfu byggingarleyfis þarf að berast staðfesting frá eignaskiptayfirlýsanda, á tölvupóstfang [eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is](mailto:eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is), um að vinna á nýrri eignaskiptayfirlýsingu er hafin. Eignaskiptayfirlýsingu þarf að þinglýsa fyrir lokaúttekt.

#### **49. Skólavörðustígur 40 - USK24120055**

Sótt er um leyfi til þess að breyta eignarhaldi á hluta virkisrýmis og gera geymslu, rými 0402, í eigu íbúðar 0401 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 40 við Skólavörðustíg.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda í húsi á teikningu Zeppelin arkitekta nr. 0104 (G) dags. 7. september 2024 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 18. febrúar 2014.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **50. Sléttuvegur 5 - USK24110347**

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi í fjölbýlishúsi á lóð nr. 5 við Sléttuveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 5. desember 2016.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **51. Snorrabraut 79 - USK23060110**

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun og innra skipulagi og innréttu gistihús í flokki I teg. minna gistiheimili fyrir hámark 10 manns ásamt starfsmannaaðstöðu í húsi á lóð nr. 79 við Snorrabraut.

Erindi fylgir breytt greinargerð hönnunar vegna breytinga á erindislýsingu dags. 10. desember 2024, greinargerð hönnuðar vegna breytingar á umfangi umsóknar dags. 10. apríl 2024 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 14. október 1943.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **52. Stangarholt 16 - USK24120096**

Sótt er um leyfi fyrir innanhússbreytingum sem snúa að kjallara og rými undir stigapall á 2. hæð, auk þess að breyta eignarhaldi á þessum rýmum og sameign í húsi á lóð nr. 16 við Stangarholt.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **53. Stangarholt 30 - USK24120110**

Sótt er um leyfi til að breyta hluta sameignar í kjallara í húsi nr. 30 við Stangarholt.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **54. Stálhöfði 2 - USK24110324**

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK24050360 þannig að fallið er frá hluta af kjallara -1, geymslur eru minnkaðar, innra skipulagi íbúða er breytt, lóðarhönnun er breytt, skábrautum breytt í tröppur, djúpgámum fækkað auk þess sem brunahönnun er breytt og skráningartafla uppfærð fyrir fjölbýlishús á lóð nr. 2 við Stálhöfða.

Breytt stærð: 19.383.5 ferm., 54.827.5 rúmm.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 26. nóvember 2024 og yfirlit breytinga á afriti óstimplaðra aðaluppdráttar.

Frestað. Vísað til athugasemda.

**55. Suðurhlíð 38D - USK24020161**

Sótt er um leyfi til að byggja glerskála á svalir íbúðar 0308 í húsi nr. 38D við Suðurhlíð.

Frestað. Vísað til athugasemda.

**56. Sölvhólsgrata 13 - USK24120092**

Sótt er um leyfi til að afskrá bráðabirgðahús mhl.05-06-07 og 09 af lóð nr. 13 við Sölvhólsgrötu. F2002967:

Mhl. 05 merkt kennslustofa 79,2 ferm.,

mhl. 06 merkt kennslustofa 64,3 ferm.,

mhl. 07 merkt skóli 213 ferm.,

mhl. 09 merkt geymsluhús 68,1 ferm.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

**57. Tryggvagata 16 - USK24100179**

Sótt er um leyfi fyrir gufubaði og geymslu á þaksvölum í húsi nr. 16 við Tryggvagötu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

**58. Úlfarsbraut 28 - USK24120030**

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN035895 með því að gera breytingar á innra skipulagi ásamt því að koma fyrir heitum potti við hús á lóð nr. 28 við Úlfarsbraut.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

**59. Varmahlíð 1 - USK24100342**

Sótt er um leyfi til þess að reisa forsmíðaðan sýningarsal á lóð nr. 1 við Varmahlíð.

Erindi fylgja samþykktir aðaluppdrættir dags. 12. febrúar 2019 og 12. september 2019.

Stærð: 109,8 ferm., 678,5 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

**60. Vatnagarðar 16 - USK24120045**

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi í atvinnuhúsnæði á lóð nr. 16 við Vatnagarða.

Erindi fylgir mæliblað 1.338.9 dags. 23. febrúar 1978.

Frestað. Vísað til athugasemda.

**61. Vatnsveituv. Fákur - USK24050151**

Sótt er um leyfi til að byggja stoðvegg við Faxaból 12 á lóð við Vatnsveituveg Fákur.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda ódagsett.

Frestað. Vísað til athugasemda.

**62. Vesturfold 1 - USK24120054**

Sótt er um leyfi til að breikka glugga á norðurhlið hússins auk þess eru gerðar breytingar á innra skipulagi efri hæðar húss á lóð nr. 1 við Vesturfold.

Frestað. Vísað til athugasemda.

**63. Vesturgata 37 - USK24080136**

Sótt er um leyfi til að breyta notkun úr bílageymslu mhl. 02 í geymslu og áður gerðum breytingum á innra skipulagi í húsi nr. 37 við Vesturgötu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

**64. Þingás 44 - USK24110043**

Sótt er um leyfi til að stækka bílageymslu í húsi nr. 44 við Þingás.

Stækkun: 18,2 ferm. og 63,1 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

**Ýmis mál:**

**65. Kjalarnes, Brautarholt - Skrúðhús við Brautarholtskirkju á Kjalarnesi - Brautarholt VI-A  
USK24100376**

Lóðauppdráttur

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

**Fundi slitið kl. 11:55**

Brynjar Þór Jónasson  
Edda Þórsdóttir  
Margrét Pálína Cassaro  
Sigrún Reynisdóttir  
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir